



Fundargerð

187. fundur Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
7. október 2024, kl. 10:00

Viðstaddir: Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir, Magnús Einþór Áskelsson og Sindri Kristinn Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Marta Sigurðardóttir boðaði forföll. Magnús Einþór Áskelsson sat fundinn í hennar stað.

* * *

1. Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja og svæða (2022050239)

Sverrir Bergmann Magnússon mætti á fundinn undir þessu máli. Einnig mættu Eva Stefánsdóttir og Unnar Stefánsson á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og kynntu vinnuferla sem unnið er eftir í uppbyggingu íþróttamannvirkja við Afreksbraut.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar góða kynningu.

2. Fyrirspurn frá Sundráði ÍRB vegna úthlutunar afreks- og íþróttasjóðs (2024010282)

Íþróttá- og tómstundaráð hefur yfirfarið hvernig styrkveitingum vegna afreka er háttað í öðrum sveitarfélögum og vill áréttta að Reykjanesbær gerir jafnvel og/eða betur eftir atvikum en sambærileg sveitarfélög og telur ekki rétt að breyta þeim reglum sem eru í gildi að svo komnu máli.

3. Skýrsla unglíngaráðs Fjörheima (2022070336)

Skýrsla unglíngaráðs Fjörheima lögð fram.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar fyrir vel unna skýrslu.

4. Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima (2022070336)

Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima lögð fram.

Íþróttá- og tómstundaráð vill hrósa starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima fyrir metnaðarfulla dagaskrá vetrarins og óskar starfsfólki og ungmennum góðs gengis í vetur.

5. Þakkir að lokinni lýðheilsu- og forvarnavíku Reykjanesbæjar (2024080331)

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar íbúum, stofnunum og fyrirtækjum fyrir virka þátttöku í lýðheilsu- og forvarnavíku Reykjanesbæjar sem fram fór 30. september – 6. október sl.

6. Fjárhagsáætlun íþróttá- og tómstundamála 2025 (2024080166)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir vinnu við fjárhagsáætlun 2025.

Íþróttá- og tómstundaráð leggur mikla áherslu á að reynt sé eftir fremsta megni að auka fjármagn til málaflokksins og að tryggt sé fjármagn í öll fjárfestingarverkefni ráðsins.

7. Heimsókn ÍT ráðs í nýtt íþróttahús við Stapaskóla (2022050176)

Hámundur Örn Helgason framkvæmda- og íþróttastjóri UMFN tók á móti ráðinu og sýndi nýtt glæsilegt íþróttahús félagsins og Stapaskóla.

Íþróttá- og tómstundaráð óskar öllum til hamingju með glæsilegt mannvirki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15